



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 28. febrúar 2026
26023222/205.02 SK

Ágrip – Menningarkjarni í efri byggðum

Á 10. fundi menningar- og mannlífsnefndar þann 20. janúar síðastliðinn fór fram kynning á tillögu um stofnun nýrrar menningarmiðstöðvar í Smáralind. Í framhaldi var eftirfarandi bókun einróma samþykkt í nefndinni og einnig á fundum bæjarráðs þann 22. janúar og bæjarstjórnar þann 27. janúar:

*Védís Hervör Árnadóttir umbóta- og þróunarstjóri kynnir hugmyndir að menningarmiðstöð í Smáralind og bókasafni í efri byggðum. Menningar- og mannlífsnefnd fagnar stórhuga áformum þess efnis að opna menningarmiðstöð í Smáralindinni og **nýtt bókasafn í efri byggðum að aflokinni þarfagreiningarvinnu.** Bæði verkefnin stuðla að auknu aðgengi Kópavogsbúa að bókum og menningu og rímar vel við menningarstefnu bæjarins og innleiðingu á heildstæðri læsisáætlun sem innleidd verður á árinu. Við teljum að ný miðstöð í Smáralind verði ekki aðeins bókasafn eða menningarmiðstöð, heldur lifandi samfélags-, menningar- og fræðslumiðstöð sem styrkir bæjarfélagið, skapar ný tækifæri og byggir samfélagslega samstöðu íbúa. **Nefndin leggur áherslu á að bæði verkefnin verði þróuð áfram af yfirstjórn bæjarins og að staðsetning bókasafns í efri byggðum verði tekin sem fyrst.** Nefndin vísar fjárhagslegum þáttum til afgreiðslu bæjarráðs.*

Til að mæta óskum nefndarinnar um „að staðsetning bókasafns í efri byggðum verði tekin sem fyrst“ réðust starfsmenn umhverfissviðs, skrifstofu umbóta og þróunar, menntasviðs og skrifstofu áhættu- og fjárstýringar undir stjórn bæjarstjóra í gerð þarfagreiningar á menningarkjarna í efri byggðum sem fer hér að neðan.

Forsaga bókasafns í efri byggðum

Allt frá árinu 2010 hefur verið til skoðunar hjá bæjarfélaginu að opna nýtt bókasafnsútibú í efri byggðum bæjarins. Í nóvember 2010 skipaði bæjarráð fimm manna undirbúningshóp til að meta möguleikana á nýju útibúi Bókasafns Kópavogs í Kórahverfi. Hópurinn skilaði niðurstöðu þar sem fram kom að æskilegt væri að útibú safnsins væri í nágrenni við verslun og aðra þjónustu í Kópavogi þar sem bókasafn er í eðli sínu þjónustustofnun við bæjarbúa. Einnig kom fram sá möguleiki að opna útibú í Smáralind eða Smáratorgi. Af þessum áformum varð þó ekki. Tíu árum síðar, eða árið 2020 skipaði þáverandi bæjarstjóri Ármann Kr. Ólafsson starfshóp sem ætlað var að skoða nýtingu á óhönnuðu rými Kórsins meðal annars með það í huga að koma þar fyrir skólafundum, félagsmiðstöð og nýju bókasafnsútibúi. Niðurstaðan varð sú að



unnt var að koma fyrir starfsemi skólans og félagsmiðstöðvar en ekki var nægilegt rými til staðar fyrir bókasafnið. Undir lok ársins 2025 átti skrifstofustjóri umbóta- og þróunar hjá Kópavogsbæ frumkvæði að samstarfi við fasteignafélagið Heima um opnun menningarmiðstöðvar í Smáralind sem nú er vænst að af geti orðið á næstu mánuðum. Þá mun þriðja bókasafnsútibúið verða opnað í Kórnum verði þessi tillaga þess efnis samþykkt.

Þrír menningarkjarnar í Kópavogi

Við Hamraborgina er að finna stærsta menningarkjarna Kópavogs, sem státar af öflugum almenningabókasafni, listasafni, tónlistarhúsi auk náttúrusafns. Vilji er til að kanna samstarf við fasteignafélagið Heima um hönnun nýs menningarkjarna í 900 fm. rými í Smáralind þar sem útibú aðalbókasafns verður þungamiðja starfseminnar, en auk þess munu þar fara fram ýmsir viðburðir sem ofangreind menningarhús leggja til. Bæjarráð hefur samþykkt að samhliða því sem greining á sér stað um menningarmiðstöð í Smáralind verði staðsetning bókasafns í efri byggðum jafnframt sett í forgang og fyrirhugað að reisa til að mæta sjónarmiðum um jafnt aðgengi fyrir öll eins og fram kemur í menningarstefnu bæjarins. Að lokinni þarfagreiningu yfirstjórnar bæjarins þykir aðstaðan við Kórinn íþróttamiðstöð HK og Kóraskóla heppilegasti kosturinn og verða forsendur fyrir því raktar hér.

Nýr menningarkjarni í Kórnum

Kórinn er opin og aðgengileg íþróttamiðstöð og grunnskóli á unglingastigi með rúmunum opnunartíma og greiða aðkomu sem styður við hugmyndafræði bókasafna og menningarstefnu bæjarins um að almenningur eigi þar gott aðgengi m.a. eftir vinnu og um helgar.

Mikil samlegðaráhrif hljóta af staðsetningu nýs menningarkjarna í Kórnum en um þessa miðstöðina íþrótt og skóla fara mörg þúsund manns vikulega. Um er að ræða fjölbreyttan hóp íbúa sem mun njóta góðs af staðsetningu bókasafns og menningarmiðstöðvar í sínu nærumhverfi, en jafnframt má gera ráð fyrir því að íbúar í öðrum hverfum muni nýta sér menningarmiðstöð og bókasafn í Kórnum þegar þeir eiga erindi í Kórinn af ólíkum ástæðum.

Meðal þeirra sem sækja Kórinn reglulega eru:

- Nemendur skólans sem eru 280 í 8.-10. bekk
- Gríðarlegur fjöldi barna og unglunga sem iðkar þar fjölbreyttar íþróttir
- Foreldrar og forráðamenn sem aka börnum sínum til og frá skóla og íþróttaiðkun
- Gestir íþróttaleikja
- Félagsmenn í Virkni og vellíðan
- Hlaupahópar og aðrir íþróttaiðkendur
- Auk þess gerir staðsetning menningarkjarnans íbúum í Boðáþingi mun auðveldara fyrir að sækja sér bækur og aðra þjónustu sem í boði verður



Í þarfragreiningunni kom fram að best færi á því að staðsetja hinn nýja menningarkjarna með bókasafn sem þungamiðju starfseminnar á fyrstu hæð byggingarinnar. Rýmið sem færi undir starfsemina er þar sem núverandi bókasafn Kóraskóla er staðsett og kennslustofan þar við hliðina á, en við breytinguna verða rýmin sameinuð. Nettó stærð rýmisins verður 175 fm. Unnt verður að ganga inn í rýmið utan frá, en einnig innan úr byggingunni sem hvort tveggja eru afar mikilvæg aðgengismál. Þannig getur almenningur sótt menningarkjarnann heim án þess að fara inn í skóla- eða íþróttahúsnæðið og nemendur og aðrir sem eiga önnur erindi í Kórnum geta gengið beint inn af göngum byggingarinnar. Til að tryggja að núverandi rými skólans og íþróttamiðstöðvarinnar skerðist sem minnst felur þarfragreiningin í sér að gerð verði viðbygging við austurenda Kórsins sem er um 110 brúttó fm. að stærð.

Kóraskóli

Í Kóraskóla eru um 280 nemendur í 8.-10. bekk. Núverandi bókasafn skólans er mjög vanbúið. Það er staðsett í 40 fm. kennslustofu sem opin er 9 tíma á viku.

Í samtali við skólastjóra skólans, Ingu Fjólu Sigurðardóttur kemur fram að hún hafi haft í hyggju að taka tvær kennslustofur undir skólabókasafn á næsta ári til að mæta þörfinni fyrir bókasafn fyrir nemendur skólans. Að hennar mati myndi henta skólanum afar vel ef menningarkjarni og bókasafn bættist við flóru þeirrar öflugu starfsemi sem þegar fer fram í Kórnum og ljóst að nemendur skólans munu njóta góðs af starfseminni, þó ekki sé um eiginlegt skólabókasafn að ræða.

Samgöngur, aðgengi og íbúðapróun

Góðar samgöngur eru í og við Kórinn og má gera ráð fyrir því að staðsetning menningarmiðstöðvar í Kórnum dragi úr akstri og umferð þeirra sem hafa til þessa þurft að sækja sína bókasafnsþjónustu í Hamraborgina.

Um 40% barnafjölskyldna í Kópavogi býr í efri byggðum og gera má ráð fyrir að þessi hópur fari ört vaxandi á næstum árum, en í undirbúningi er uppbygging á nýju 500 manna íbúðahverfi við Vatnsendahvarf og síðar 900 íbúðahverfi í Vatnsendahlíð. Menningarkjarni og bókasafn í Kórnum munu því gegna veigamiklu hlutverki í þjónustu við núverandi íbúa auk þeirra sem munu byggja hin nýju hverfi.

Aðrir kostir sem voru skoðaðir

Aðrir kostir fyrir nýtt bókasafn í efri byggðum voru rýndir og var sjónum aðallega beint að væntanlegu skólahúsnæði í Vatnsendahvarfi og Vatnsendahlíð. Báðir þessir möguleikar fela í sér að um samsteypusafn yrði að ræða, líkt og nú er rekið í Lindasafni. Reynslan af Lindasafni hefur sýnt að skólabyggingar eru ekki heppilegar fyrir almenningsbókasöfn þar sem þær eru hannaðar fyrir börn og starfsfólk skólans en ekki hugsaðar sem þjónustueining fyrir almenning. Í skólabyggingu verður aðgengi að bókasafni innan sem utan skólatíma alltaf veikleiki og safnið verður óhjákvæmilega í aukahlutverki sem þarf að taka tillit til starfsemi skólans. Hafa þarf í huga að bókasafn sem á að þjóna almenningi þarf að vera aðgengilegt eftir vinnu og jafnvel um kvöld og helgar, það þarf að geta starfað sjálfstætt og verið óháð ytri aðstæðum eins og skólastarfsemi. Þá má geta þess að yrði bókasafninu komið fyrir í nefndum skólabyggingunum yrði rýmið snöggum minna en hugmyndir eru uppi um við Kórinn, en ef miðað er við Lindasafn þá er stærð þess 160 fm. Að þessu sögðu þóttu þessir kostir mun síðri en staðsetningin í Kórnum auk þess sem bæði hin nýju



hverfi eru staðsett í útjaðri bæjarins sem vinnur beinlínis gegn jöfnu aðgengi, eins og rík áhersla er lögð á í menningarstefnu bæjarins.

Niðurstaða

Með tilkomu þessa þriðja menningarkjarna bæjarins í Kórnum fær Kópavogur í fyrsta sinn raunverulega dreifða menningar- og bókasafnsþjónustu. Menningarkjarninn mun þannig styrkja bæjarfélagið, skapa ný og spennandi tækifæri og byggja upp samfélagslega samstöðu íbúa.

Virðingarfyllt,

Soffía Karlsdóttir
Forstöðumaður menningamála